

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

#### 1. *Deiliskipulag - Kotstrandarkirkja.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt deiliskipulag, er nær til lands Kotstrandarkirkju sbr. 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð, þann 18. desember 2008.

Deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu er afgreitt af Skipulagsstofnun sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og hér með auglýst í B-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulag er dagsett í maí 2006 og hefur verið auglýst. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartímanum en umsagnir frá lögboðnum aðilum liggja fyrir. Fyrir liggja umsagnir Fornleifaverndar ríkisins, umsögn Kirkjugarðsráðs og Vegagerðarinnar. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins til suðurs og austurs frá kirkju. Markaður er byggingarreitur fyrir allt að 350 m<sup>2</sup> þjónustuhús og 300 m<sup>2</sup> safnaðarheimili. Gert er ráð fyrir 70 bílastæðum suðvestan við kirkju auk fimm stæða fyrir fatlaða og hreyfihamlaða.

Bæjarstjórn afgreiðir deiliskipulagið, greinargerð og umhverfisskýrslu til auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### 2. *Deiliskipulag leikskólans Bergheima og íbúðarbyggðar við Knarrarberg, Heinaberg og Hafnarberg, Þorlákshöfn.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt deiliskipulag, er nær til leikskólans Bergheima og íbúðarbyggðar við Knarrarberg, Heinaberg og Hafnarberg, Þorlákshöfn sbr. 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð, þann 26. febrúar 2009.

Deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu er afgreitt af Skipulagsstofnun sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og hér með auglýst í B-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulag er dagsett 15. desember 2008 og breytt 14. apríl 2009 og hefur verið auglýst. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið felst í að stækka lóð leikskólans og skilgreina aðkomu og bílastæði og breyta byggingarreit. Gatnamótum við Hafnarberg og Egilsbraut er breytt og þar er gert ráð fyrir hringtorgi. Jafnframt eru skilgreindir skilmálar fyrir einbýlishús við Knarrarberg 1-9 og Heinaberg 13-23 og þar- og raðhús við Heinaberg 12-30, en um þegar byggt svæði er að ræða. Deiliskipulagið yfirtekur gildandi deiliskipulag fyrir lóðir nr. 12-18 og 22-30 við Hafnarberg með síðari breytingum.

Bæjarstjórn afgreiðir deiliskipulagið, greinargerð og umhverfisskýrslu til auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 25. maí 2009.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.